

## SKÓLA- OG FRÍSTUNÐARÁÐ

Ár 2015, 4. febrúar, var haldinn 73. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn var haldinn í Hofi á Höfðatorgi í Reykjavík og hófst kl. 13:03. Fundinn sátu Skúli Helgason (S) formaður, Jóna Björg Sætran (B), Kjartan Magnússon (D), Líf Magneudóttir (V), Marta Guðjónsdóttir (D), Ragnar Hansson (Æ) og Sabine Leskopf (S).

Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Arnaldur Sigurðarson (Þ); Atli Steinn Árnason, framkvæmdastjórnar frístundamiðstöðva; Bryndís Jónsdóttir, foreldrar barna í grunnskólum; Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, skólastjórnar í grunnskólum; Guðrún Gunnarsdóttir, skólastjórnar í leikskólum, Rakel Rán Sigurbjörnsdóttir, foreldrar barna í leikskólum; Rósa Ingvarsdóttir, kennarar í grunnskólum og Stella Marteinsdóttir starfsfólk í leikskólum; Jafnframt sátu fundinn Ragnar Þorsteinsson sviðsstjóri, Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir, Auður Árný Stefánsdóttir, Kristján Gunnarsson, Soffía Pálsdóttir og Valgerður Janusdóttir. Fundarritari var Guðrún Sigtryggisdóttir.

### Þetta gerðist:

Rakel Rán Sigurbjörnsdóttir er boðin velkomin á fyrsta fund sinn í skóla- og frístundaráði.

1. Lagt fram bréf Innri endurskoðunar, dags. 12. janúar 2015, um úttekt á aðdraganda stofnunar skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og sameiningarferli skóla. Jafnframt lögð fram úttekt á aðdraganda stofnunar skóla- og frístundasviðs og sameiningarferli skóla, dags. í október 2014. Kristján Einarsson, ráðgjafi hjá Intellecta og Hallur Símonarson, innri endurskoðandi kynna og svara fyrirspurnum. SFS2014080031

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn þakkar fyrir skýrslu Intellecta ehf. um stofnun skóla – og frístundasviðs og sameiningarferli skóla á árunum 2010-2011. Skýrslan dregur fram ýmislegt sem vel var gert í ferlinu sem og annað sem betur mátti fara. Margir hlutar verkefnisins voru vel unnir og þá sérstaklega skipulagning, eftirfylgni með framgangi verkefnisins og upplýsingamiðlun. Í úttektinni kemur fram að samráð við hagsmunaaðila í tillögugerðinni var mjög umfangsmikið og upplýsingamiðlun mikil. Helstu veikleikarnir við framkvæmd verkefnisins voru í aðdraganda að stofnun skóla- og frístundasviðs og sameininga skóla. Aftur á móti gerði tiltölulega gott skipulag það að verkum að það tókst að klára framkvæmdina þrátt fyrir veikleikana. Það er umhugsunarefni að veikleika ferlisins má rekja til eðlis pólitíks umhverfis þar sem erfitt sé að sameina pólitískt bakland um stór breytingaverkefni. Þá er áréttað að almenn andstaða hafi verið við breytingarnar í röðum starfsmanna. Lærdómur verkefnisins er m.a. sá að mikilvægt sé að vera með fá en vel rökstudd sameiningarverkefni, gefa sér nægan tíma til undirbúnings og leggja sérstaka rækt við að skapa samstöðu meðal starfsmanna um breytingarnar og mikilvægi þeirra fyrir skólastarfið til framtíðar.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina í skóla- og frístundaráði fagnar útkomu skýrslu Intellecta um úttekt á aðdraganda stofnunar skóla- og frístundasviðs og sameiningarferli skóla. Skýrslan er vel upp sett og auðveld aflestrar. Auðséð er að mikið má læra af tilurð skýrslunnar, bæði hvað varðar allan undibúning og framkvæmd. Niðurstöður skýrslunnar eru um margt sláandi og kemur greinilega í ljós að víða í leikskólum og grunnskólum er starfsfólk í sárum og að ekki hefur náðst sátt um sameiningar stofnana með jákvæðum hætti. Framsókn og flugvallarvinir vilja leggja áherslu á brýna þörf á að græða þau sár sem mynduðust í sameiningarferlinu og að það verði gert í nánu samstarfi við starfsfólk viðkomandi skóla.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins þakka fyrir úttekt Intellecta á aðdraganda stofnunar skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og sameiningarferli skóla. Úttektin staðfestir að illa var staðið að sameiningarferli skóla og öðrum kerfisbreytingum í skólamálum hjá Reykjavíkurborg á síðasta kjörtímabili. Fram kemur í úttektinni að samráðið hafi verið algerlega ófullnægjandi auk þess sem skorti framtíðarsýn og faglegar og fjárhagslegar forsendur. Engum dylst að úttektin er áfellsdómur yfir vinnubrögðum meirihluta Samfylkingar og Besta flokksins/Bjartrar framtíðar á síðasta kjörtímabili, sem ýmsir nefna „týnda kjörtímabilið“ í skólamálum hjá Reykjavíkurborg. Ljóst er að enn er glímt við neikvæðar afleiðingar breytinganna í mörgum leikskólum og grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Ingibjörg Gísladóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 13:50 tekur Hildur Skarphéðinsdóttir sæti á fundinum.
- 2. Stuðningur við börn í fjölþættum vanda. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 30. janúar 2015, með svörum við spurningum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina varðandi grunnskólanemendur í vímuefnavanda. SFS2014100145

Stefán Eiríksson, sviðsstjóri velferðarsviðs, Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur, Halldór Hauksson, sviðsstjóri meðferðar- og fóstursviðs Barnaverndarstofu og Hrund Logadóttir, verkefnastjóri á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs kynna og svara fyrirspurnum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að setja á fót teymi sem hafi það hlutverk að auka stuðning við börn og ungmenni á grunnskólaaldri með fjölþættan vanda, þar með talið vímuefnavanda. Leita skal eftir samvinnu við velferðarsvið og Barnavernd Reykjavíkur.

Hlutverk teymisins er tvíþætt.

1. Vinna með foreldrum og viðkomandi barni eða ungmenni, skólum og frístundamiðstöðvum að lausn bráðavanda sem upp kemur hverju sinni þannig að barnið eigi tryggan aðgang að námi og úrræðum við hæfi.
2. Vinna að lausn til lengri tíma með því að virkja betur viðeigandi úrræði sem eru til staðar og koma með tillögur að nýjum úrræðum til að bæta þjónustu við börn og ungmenni með fjölþættan vanda.

Teymið skal skipað fulltrúum skóla- og frístundasviðs, Brúarskóla, fulltrúum frá þjónustumiðstöðvum og fulltrúum frá Barnavernd Reykjavíkur. Ráðgjafasvið Brúarskóla beri ábyrgð á teyminu og leiði vinnu þess. Leitað verði eftir samstarfi við Barnaverndarstofu um ráðgjöf, val og mótun úrræða. Teymið skal hafa samráð við foreldra og viðkomandi barn eða ungmenni, skólastjóra og stjórnanda frístundamiðstöðvar við val og mótun úrræða.

Teymið skal skila tillögum að nýjum úrræðum fyrir 1. maí 2015.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt með 5 atkvæðum, skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins Kjartan Magnússon og Marta Guðjónsdóttir sitja hjá.

Lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 21. janúar 2015:

Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur samþykkir að komið verði á fót sérúrræði til að mæta þörfum grunnskólanemenda, sem eiga við áfengis- og vímuefnavanda að stríða, og þeirra sem mælast jákvæðir á fíkniefnaprófi. Nemendum í slíkum vanda verði boðin dagleg kennsla, þátttaka í uppbyggilegu tómstundastarfi auk ráðgjafar/hjálpar til að takast á við vímuefna- og hegðunarvanda. Í byrjun verði aðaláherslan, auk kennslu, lögð á að nemandinn mæti og fái fræðslu, ráðgjöf og umfjöllun um sinn vanda. Verkefnið verði mótað í samstarfi skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, Brúarskóla, frístundamiðstöðva og þjónustumiðstöðva. Þá verði jafnframt óskað eftir samstarfi við SÁÁ um verkefnið. Skipað verði sérstakt stjórnunarteymi með fulltrúum framangreindra aðila sem móti verkefnið, haldi utan um framkvæmd þess og hafi eftirlit með því. Þriggja manna innritunarteymi semji vinnureglur um fyrirkomulag kennslu, tómstunda og meðferðar á vegum verkefnisins og setji því árangurstengd markmið. Nemendateymi verði ávallt stofnað við innritun með þátttöku foreldra viðkomandi nemenda, skólastjóra og/eða fulltrúa heimaskóla, fulltrúa úrræðis og annarra aðila sem koma mögulega að máli nemandans. Teymið metur stöðu nemandans og framfarir og heldur stöðufund innan fjórtán daga frá innritun. Að höfðu samráði við teymið tekur skólastjóri ákvörðun um framhald úrræðisins eða ótímabundna brottvísun ef um hana er að ræða. Foreldrar þurfa að óska skriflega eftir úrræðinu fyrir barn sitt á þar til gerðu eyðublaði. Gert er ráð fyrir að úrræðið geti varað í allt að átta vikur fyrir hvern nemanda. Verði ekki um bata að ræða, taki við meðferðarúrræði á vegum Barnaverndar Reykjavíkur.

Tillagan felld með 2 atkvæðum gegn 4 atkvæðum, skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna, Ragnars Hanssonar, Skúla Helgasonar, Sabine Leskopf og Líf Magneudóttur. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina, Jóna Björg Sætran situr hjá.

- Kl. 15:20 vikur Rakel Rán Sigurbjörnsdóttir af fundi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Í skólum borgarinnar koma öðru hvoru upp alvarleg mál sem tengjast fjölþættum vanda nemenda, þar með talið alvarlegum hegðunarvanda, geðrænum vanda og vímuefnavanda. Í einstaka málum er vandinn svo alvarlegur að úrvinnsla þolir ekki bið og grípa þarf tafarlaust inn í með markvissum hætti. Því leggur meirihlutinn til að stofnað verði teymi sem stjórnendur geta kallað fyrirvaralaust í slík mál. Teymið verður skipað fulltrúum skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs, Brúarskóla og þjónustumiðstöðva og er hlutverk þess tvíþætt. Annars vegar vinnur teymið með leik-

og grunnskólum og frístundamiðstöðvum að lausn bráðavanda til að tryggja barni aðgang að námi og úrræðum við hæfi. Hins vegar mun teymið móta tillögur að nýjum úrræðum með langtímalausn í huga í samstarfi við skólastjórnendur, foreldra, börn og ungmenni og sérfræðinga. Málið verður sett í forgang og er stefnt að því að tillögur um ný úrræði liggi fyrir eigi síðar en 1. maí næstkomandi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina í skóla- og frístundaráði fagnar umfangsmiklum upplýsingum, umræðum og tillögum um úrræði til stuðnings við börn með fjölþættan vanda tengdan vímuefnum sem kemur í kjölfar bókunar Framsóknar og flugvallarvina frá í október sl. þar sem farið var fram á að skoðað yrði hvernig koma megði þessum börnum og fjölskyldum þeirra til stuðnings. Framsókn og flugvallarvinir vilja leggja ofur áherslu á að vel verði unnið í þessum málum í góðu og gjöfulu samstarfi og samtakamætti velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs. Snemmtæk íhlutun og úrræði skortir verulega víða í grunnskólum og biðlistar eftir sértækri ráðgjöf eru oft langir. Eftirfylgni eftir meðferð á meðferðarstofnunum skortir einnig oft og ekki eru sérfróðir aðilar í skólunum til að vinna með börnunum þar. Forvarnarstarf þarf einnig að auka. Hér þurfa margir aðilar að leggjast á eitt. Einnig þarf að ríkja jafnræði meðal borgarbarna hvað varðar aðgengi að aðstoð varðandi þennan mikla vanda.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Í stað þess að samþykkja fyrirbyggjandi tillögu um úrræði, sem byggist á hugmyndum reynslumikilla skólastjóra í Reykjavík, kýs meirihluti Samfylkingar, Bjartrar framtíðar Vinstri grænna og Pírata að skipa nefnd til að skoða málið og vinna á grundvelli núverandi úrræða og fyrirkomulags. Í umræðum á fundinum hefur þó komið enn skýrar fram en áður, ekki síst í málflutningi fulltrúa, skólastjóra, kennara, foreldra og fulltrúa framkvæmdastjóra frístundaheimila að þau úrræði duga ekki til. Umræddri nefnd er falið að skila tillögum fyrir 1. maí nk. og gangi það eftir er ljóst að nýjum úrræðum verður traúðla hleypt af stokkunum á yfirstandandi skólaári. Við hörmum kæruleysi meirihlutans í þessu máli.

Ekki verður hjá því komist að gera alvarlegar athugasemdir við hvernig staðið er að upplýsingagjöf til kjörinna fulltrúa í skóla- og frístundaráði varðandi þessi mál. Hefur okkur verið tjáð að þau hafi reglulega komið til umræðu á skólastjórafundum á undanförunum árum þar sem m.a. hafi komið fram áhyggjur margra skólastjóra á umfangi vandans og þeir ítrekað óskað eftir úrbótum svipuðum þeim og hér eru lagðar til. Úr hópi skólastjóra hefur orðið vart við vonbrigði og óánægju þar sem þessi skýru skilaboð, sem fram hafa komið á skólastjórafundum, hafa ekki skilað sér inn á fundi skóla- og frístundaráðs. Er allri ábyrgð vegna þessa sambandsleysis vísað á hendur formanns skóla- og frístundaráðs, sem er eini kjörni fulltrúinn í ráðinu, sem sótt hefur reglulega skólastjórafundum og hefur fullan aðgang að þeim. Þegar fulltrúi Sjálfstæðisflokksins reyndi að koma þessari gagnrýni munnlega á framfæri á þessum fundi, tók formaður ráðsins af honum orðið og er þeirri framkomu mótmælt. Í ljósi reynslunnar er brýnt að sem fyrst fari fram gagnger endurskoðun á upplýsingagjöf til kjörinna fulltrúa í skóla- og frístundaráði í því skyni að tryggja að þeir sitji við sama borð en það fari ekki eftir geðþótta formanns ráðsins hvort og þá hvernig hann upplýsi aðra kjörna fulltrúa um vandamál og viðfangsefni, sem við er að etja í skólum borgarinnar.

Áheyrnarfulltrúar kennara í grunnskólum, skólastjóra í grunnskólum, foreldra barna í grunnskólum og framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva í skóla- og frístundaráði leggja fram svohljóðandi bókun:

Í Reykjavíkurborg er unnið eftir stefnunni „Skóli án aðgreiningar“ sem er metnaðarfull og góð stefna. Til þess að sú skólastefna gangi upp þarf hins vegar að tryggja stuðning og þjónustu við öll börn. Í dag er staðan þannig að þjónusta og stuðningur við börn með hegðunarvanda, kvíða, tilfinningavanda, geðræn vandamál, málhömlun, vímuefnavanda og þroskahamlanir er engan veginn viðundandi. Biðlistinn á BUGL er meira en ár, biðlistinn hjá Talþjálfun Reykjavíkur er 12-18 mánuðir og dæmi eru um að börn í ákveðnum hverfum borgarinnar þurfi að bíða í 2 ár eða meira eftir greiningum og þjónustu. Á meðan beðið er eftir þjónustunni vex vandinn og verður í sumum tilfellum ófyrstíganlegur fyrir bæði skólann og heimilin.

Í þriðju grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna segir:

Allar ákvarðanir eða ráðstafanir yfirvalda er varða börn skulu byggðar á því sem er börnum fyrir bestu. Setja á lög og reglur sem tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Aðildarríki eiga að sjá til þess að stofnanir og þjónusta sem annast börn uppfylli reglur sem stjórnvöld hafa sett, sérstaklega um öryggi, heilsuvernd, fjölda og hæfni starfsmanna og yfirumsjón.

Við skorum á Reykjavíkurborg og ríki að bregðast nú þegar við og uppfylla ákvæði laga og Barnasáttmálans um stuðning og þjónustu við börn í vanda. Hvert og eitt barn er dýrmætt og á aðeins eina æsku, þann tíma sem barn er án greiningar og/eða þjónustu er erfitt að bæta upp síðar.

Það sem bæta þarf er að: uppræta biðlista og grípa fyrr inn í mál, áður en vandinn er orðinn ófyrstíganlegur, auka sérfræðiþjónustu í skólum, styðja betur við fjölskyldur og fjölga meðferðarúræðum fyrir börn í miklum vanda.

Ljóst er að skortur á þjónustu við eitt barn getur gert skólagöngu þess og einnig barna í sömu bekkjardeild eða skóla óbærilega.

3. Lagt fram svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, frá 21. janúar 2015, um vanda sem skapast vegna hótana og ofbeldis sem nemendur í grunnskólum verða fyrir af hálfu einstaklinga/hópa sem eiga við vímuefnavanda að stríða. SFS2015020012

4. Ráðning leikskólastjóra við leikskólann Garðaborg. SFS2015010043

Lögð fram:

a) Greinargerð sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 19. janúar 2015, vegna ráðningar í stöðu leikskólastjóra í Garðaborg.

b) Yfirlit yfir umsækjendur um stöðu leikskólastjóra í Garðaborg, trúnaðarskjal.

c) Auglýsing um stöðu leikskólastjóra við leikskólann Garðaborg.

Jafnframt lagt fram bréf dags. 1. janúar 2015 og tvö bréf dags. 12. janúar 2015 varðandi ráðninguna.

Níu umsóknir bárust um stöðuna.

Sviðsstjóri leggur til að Jónína Lárusdóttir verði ráðin í stöðu leikskólastjóra í Garðaborg.

Samþykkt með 5 atkvæðum, skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins Kjartan Magnússon og Marta Guðjónsdóttir sitja hjá.

Bókun skóla- og frístundaráðs:

Skóla- og frístundaráð óskar nýráðnum leikskólastjóra Jónínu Lárusdóttur velfarnaðar í starfi og þakkar fráfarandi leikskólastjóra Kristínu Einarsdóttur vel unnin störf í Garðaborg.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins minna á að þeir hafa ítrekað lagt til að aðkoma foreldra verði aukin að ráðningum skólastjóra hjá Reykjavíkurborg með því að foreldrum verði formlega boðið til samráðs meðan á ráðningarferli stendur.

5. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að setja af stað starfshóp sem hefur það hlutverk að endurskoða reglur frá 2005 um skólahverfi og innritun í grunnskóla Reykjavíkur. Starfshópurinn rýni mörk skólahverfa með sérstöku tilliti til samþykkt aðal- og hverfaskipulags borgarinnar, þéttingu byggðar, sameiningu skóla og samgangna milli hverfa. Starfshópurinn komi með rökstuddar breytingartillögur ef þurfa þykir til skóla- og frístundaráðs fyrir 1. nóvember 2015. Miðað er við að mögulegar breytingar taki gildi fyrir innritun í grunnskóla skólaárið 2016-2017.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt.

6. Lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs til skólaráða og stjórna foreldrafélaga Háaleitisskóla og Réttarholtsskóla varðandi skólavist nemenda í 8. – 10. bekk sem koma úr Háaleitisskóla/Hvassaleiti ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 23. janúar 2015. Jafnframt lagðar fram umsagnir skólaráðs Réttarholtsskóla, dags. 29. janúar 2015, skólaráðs Háaleitisskóla, dags. 27. janúar 2015, stjórnar foreldrafélags Réttarholtsskóla, dags. 29. janúar 2015 og stjórnar foreldrafélags Háaleitisskóla, dags. 29. janúar 2015. SFS2015010027

Lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 21. janúar 2015:

Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur samþykkir að framlengja forgang barna úr Hvassaleitisskóla (Háaleitisskóla - Hvassaleiti) til skólavistar í Réttarholtsskóla ótímabundið. Þannig verði tryggt að viðkomandi börn eigi áfram val um skólavist á unglingastigi milli Réttarholtsskóla og Álftamýrarskóla (Háaleitisskóla – Álftamýri), líkt og samþykkt var á fundi borgarstjórnar 19. apríl 2011.

Tillagan felld með 2 atkvæðum gegn 4 atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna, Ragnars Hanssonar, Skúla Helgasonar, Sabine Leskopf og Lífar Magneudóttur. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina Jóna Björg Sætran situr hjá.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að við innritun nemenda vegna skólaársins 2015-2016 og framvegis skuli gilda sama regla um forgang skólavistar nemenda eftir 7. bekk í Háaleitisskóla/Hvassaleiti og kveðið er á um í reglum Reykjavíkurborgar um skólahverfi og innritun í grunnskóla Reykjavíkur.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt með 5 atkvæðum og vísað til borgarráðs, skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins Kjartan Magnússon og Marta Guðjónsdóttir sitja hjá.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi tillögu:

Sviðsstjóra er falið að sjá til þess að áfram verði markvisst unnið að því að því að efla starf unglingadeildar Háaleitisskóla með það að markmiði að auka námsval og sveigjanleika í skólastarfi og efla enn frekar faglegt starf og samstarf beggja starfsstöðva í samstarfi við stjórnendur skólans, starfsfólk, nemendur og foreldra. Starfshópi um endurskoðun reglna um skólahverfi og innritun í grunnskóla Reykjavíkur frá 2005, verði falið að setja endurskoðun hverfamarka Háaleitisskóla og Réttarholtsskóla í forgang.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt og vísað til borgarráðs.

- Kl. 16:00 vísar Ragnar Þorsteinsson af fundi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Meginreglan varðandi skólahverfi í borginni er sú að allir nemendur eigi forgang í einn tiltekin skóla í sínu heimahverfi. Tímabundin undanþága frá þeirri reglu var samþykkt við stofnun sameinaðs Háaleitisskóla árið 2011. Nú er liðinn þriggja ára aðlögunartími og er þá eðlilegt að meginreglan taki við að nýju til að öll börn í borginni hafi sama rétt. Hins vegar geta öll börn sótt um inngöngu í hvaða skóla sem þau kjósa og ber skólanum að taka inn alla nemendur svo fremi sem húsnæði leyfir. Góðu heilli eru allar líkur á því að þeir nemendur úr Háaleitisskóla sem það kjósa geti fengið inngöngu í Réttarholtsskóla næstu misserin. Meirihlutinn telur að málefnaleg rök séu fyrir því að endurskoða reglur um skólahverfi og innritun í grunnskóla Reykjavíkur og mun í þeirri vinnu setja endurskoðun á hverfamörkum Háaleitisskóla og Réttarholtsskóla í forgang.

Áheyrnarfulltrúi foreldra barna í grunnskólum í skóla- og frístundaráði leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi foreldra mótmælir því harðlega að vilji stórs hluta nemenda og foreldra í Hvassaleiti sé hundsáður og forgangur nemenda í Réttarholtsskóla afnuminn. Gefið hefur verið út að útlit sé fyrir að pláss verði fyrir nemendur úr Hvassaleiti í Réttarholtsskóla a.m.k. næstu tvö skólaár og tíminn notaður til að skoða mörk skólahverfa með þetta hverfi í forgangi. Ekki er tryggt að ný skipting í skólahverfi leysi þann ágreining sem nú er uppi og væri því æskilegt að ákvörðun um forgang yrði frestað þar til það liggur fyrir.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúarnir taka undir bókun áheyrnarfulltrúa foreldra barna í grunnskólum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn áréttar að tillaga meirihlutans gengur út frá þeirri forsendu að komið verði til móts við vilja þeirra nemenda Háaleitisskóla sem óska eftir inngöngu í Réttarholtsskóla á komandi árum. Byggt er á upplýsingum skólastjórnenda Réttarholtsskóla um að allar líkur séu á því að umræddum nemendum verði að ósk sinni.

7. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 2. febrúar 2015, varðandi innritun í leikskóla. Jafnframt lagt fram minnisblað innri endurskoðunar um innritun í sjálfstætt starfandi leikskóla, 8. ágúst 2014, umsögn borgarlögmans um réttmæti systkinaforgangs í leikskólum, dags. 20. janúar 2015, dags. 28. janúar 2015, dags. 26. apríl 2010, bréf foreldraráðs Jöklaborgar um systkinaforgang í leikskólum Reykjavíkurborgar, dags. 28. ágúst 2014 og bréf foreldraráðs Kvistaborgar um aðskilnað systkina í leikskólum Reykjavíkurborgar, dags. 9. janúar 2015. SFS2014090043

- Kl. 16:05 vísar Rósa Ingvarsdóttir af fundi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að fela sviðsstjóra að stofna starfshóp til að endurskoða reglur og viðmið varðandi innritun í leikskóla Reykjavíkurborgar og sjálfstætt starfandi leikskóla sem Reykjavíkurborg hefur gert samning um framlag við. Innritun systkina á sama leikskóla verði skoðuð sérstaklega. Starfshópurinn skili áfanganiðurstöðu eigi síðar en á fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. mars 2015.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt.

8. Tölulíðum 8 til 12 í útsendri dagskrá frestað.
9. Lögð fram auglýsing vegna Öskudagsráðstefnunnar 2015, Til móts við framtíðina – um fagmennsku og virðingu kennarastarfsins sem fram fer 18. febrúar 2015. SFS2015020002
10. Lagt fram yfirlit yfir fundi skóla- og frístundaráðs febrúar til júní 2015, með fyrirvara um breytingar. SFS2014120003
- Kl. 16:27 vísar Guðlaug Erla Gunnarsdóttir af fundi.
  - Kl. 16:38 vísar Atli Steinn Árnason af fundi.

### **Fundi slitið kl. 16.45**

Skúli Helgason

Jóna Björg Sætran

Líf Magneudóttir

Ragnar Hansson

Kjartan Magnússon

Marta Guðjónsdóttir

Sabine Leskopf